



**Byggðastofnun**  
**Próunarsvið**

Alþingi  
Erindi nr. P 137/507  
komudagur 3.7.2009

Dagsetning  
01.07.2009

Allsherjarnefnd Alþingis  
Alþingishúsinu við Austurvöll  
150 Reykjavík

Allsherjarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðsins, mál 89.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillagnanna á þá þætti. Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Flestar lagabreytingar sem hér eru lagðar til varða mál sem hafa ekki áhrif á byggð og atvinnulíf á landsbyggðinni. Með tilfærslu málefna sveitarfélaga og samgöngumála undir nýtt samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti eru viðamiklir þættir sem varða búsetuskilyrði á landsbyggðinni færðir undir sameinað ráðuneyti, sem er líklegt til að auka skilvirkni varðandi málefni landsbyggðarinnar í stjórnkerfinu.

Byggðastofnun gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaðar lagabreytingar.

Virðingarfyllt

---

Guðmundur Guðmundsson  
Sérfræðingur á próunarsviði Byggðastofnunar